

Fimmtudaginn 19. maí 1988.

Nr. 136/1987. **Andri hf.**

(Jón Oddsson hrl.)

gegn

**Sambandi íslenskra samvinnufélaga**

**Iðnaðardeild**

(Stefán Pálsson hrl.)

Áskorunarmál. Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi.  
Sératkvæði.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Máli þessu var upphaflega skotið til Hæstaréttar með stefnu 18. september 1986, en síðan fellt niður með útivistardómi 1. apríl 1987.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar að nýju með stefnu 22. apríl 1987 samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973. Dómkröfur hans eru þær, að hann verði sýknaður og stefnda gert að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Mál þetta er höfðað af stefnda á bæjarþingi Reykjavíkur sem áskorunarmál gegn Haraldi Haraldssyni framkvæmdastjóra, Þykkvabæ 16, f.h. Andra hf., Ármúla 28, báðum hér í borg, með stefnu útgefni 27. maí 1986 til heimtu 500.000,00 danskra króna ásamt 14% ársvöxtum frá 19. júní 1985 til greiðsludags og 220,00 danskra króna í afsagnarkostnað svo og til greiðslu málskostnaðar samkvæmt framlögðum reikningi. Í stefnu er gerð nánari grein fyrir kröfunni þannig: „Skuld sú sem er grundvöllur málsóknar þessarar er skv. víxli að fjárhæð danskar krónur 500.000.-, útgefnum af stefnanda 5. september 1984 á hendur Ólafi Haraldssyni, Fyrhøjvej 24, 2800 Lyngby, Danmark, og er víxillinn samþykktur af honum. Vixillinn er framseldur eyðuframsali af útgefanda. Hvorki getur um útgáfustað né greiðslustað í víxlinum og ber því samkvæmt 2. gr. vixillaga nr. 93/1933 að líta á útgáfustað sem tilgreint heimili útgefanda, Ármúla 28, Reykjavík, en greiðslustað tilgreint heimili sam-

þykkjanda, Fyrhöjvej 24, Lyngby í Danmörku. Gjaldldagi er ekki tilgreindur á vixlinum en hann var sýndur og afsagður af notario publicii í Lyngby í Danmörku hinn 19. júní 1985. Stefnda var tilkynnt um afsögnina og hann krafinn greiðslu með símskeyti hinn 21. s.m., en þeim tilmælum hefur hann ekki sinnt. Mál var höfðað út af sömu skuld með stefnu útgefinni 3. apríl 1986 og þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 22. s.m. Mál þetta var hafið vegna útivistar stefnanda hinn 21. maí s.l.“ Er þess í stefnu jafnframt getið að byggt sé á ákvæðum víxillaga nr. 93/1933 og að málið sé rekið sem áskorunarmál samkvæmt lögum nr. 97/1978. Héraðsdómsstefna var birt 30. maí 1986 fyrir Haraldi Haraldssyni sjálfum á vinnustað hans að Ármúla 28 hér í borg.

Málið var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 3. júní 1986 og var þá ekki sótt þing af hálfu stefnda. Var málið þá tekið til áritunar og hinn 20. júní 1986 ritaði Hervör Þorvaldsdóttir fulltrúi yfirborgardómara svofellda áritun á stefnuna: „Stefnukröfur máls þessa að öðru leyti en því að frá 11. júní 1985 reiknast 13,9% ársvextir til 21. ágúst 1985, en frá þeim degi 13,8% ársvextir til 21. febrúar 1986, en frá þeim degi 13,7% ársvextir til 1. mars 1986, en frá þeim degi með 13,0% ársvöxtum til 11. mars, en með 12,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, en með 12,3% ársvöxtum frá þeim degi til 11. apríl 1986, en með 12,1% ársvöxtum frá þeim degi til 21. maí 1986, en með 12% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 172.700,- í málskostnað eru aðfararhæfar að liðnum 7 sólarhringum frá dagsetningu áritunar þessarar.“

Í áskorunarstefnu segir ranglega að víxillinn sé útgefinn af stefnanda. Þar sem eigi var sótt þing í héraði af hálfu áfrýjanda, bar héraðsdómara, vegna ranglýsingar þessarar, að vísa málinu frá dómi ex officio með hliðsjón af því að hér var um áskorunarmál að ræða, sbr. 2. gr. og 12. gr. laga nr. 97/1978. Ber því að fella hina áfrýjuðu dómsathöfn úr gildi og vísa máli þessu frá héraðsdómi.

Rétt er að málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

#### D ó m s o r ð:

Hin áfrýjaða dómsathöfn er úr gildi felld og málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

**S é r a t k v æ ð i**  
**hæstaréttardómaranna Guðmundar Jónssonar og**  
**Guðrúnar Erlendsdóttur.**

Það er ekki véfengt að áfrýjanda hafi verið löglega stefnt í héraði. Við teljum að hann megi ekki nú koma að vörnum þeim sem hann byggir á, sbr. 45. gr. laga nr. 75/1973, en þeim átti hann kost á að koma að í héraði, og beri að dæma mál þetta að efni til. Þar sem meirihluti dómara hefur komist að annarri niðurstöðu er ekki ástæða til að við fjöllum frekar um málið.

Fimmtudaginn 19. maí 1988.

Nr. 339/1987. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)  
 gegn

**X**

(Jón Oddsson hrl.)

Skírlífisbrot. Sönnun. Sératkvæði.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson prófessor.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 20. nóvember 1987 að ósk ákærða og einnig af ákærvaldsins hálfu til sakfellingar samkvæmt ákæru og til þyngingar refsingu.

Ákæruliður I:

Staðfesta ber þá úrlausn héraðsdómara að virða allt athæfi ákærða samkvæmt þessum lið sem brotaheild. Samkvæmt vottorði Hagstofu Íslands frá 24. ágúst 1987 flutti fjölskyldan að ... 1978. Í ljós þykir leitt að ákærði lét ekki af athæfi sínu samkvæmt þessum